

# Fréttabréf

nóvember 2019

Búið er að ráða deildarstjóra á Lyngið sem heitir Tara Lind og mun hún hefja störf í janúar 2020. Kolbrún Lilja kemur aftur til starfa í janúar eftir fæðingarorlof en ekki er búið að taka ákvörðun á hvaða deild hún fer. Einn starfsmaður hefur bæst í starfsmannahópinn í hlutastarf og heitir hann Fannar Guðni.

Baráttudagur gegn einelti er 8. nóvember. Álfhóll og Víghóll taka þátt í vinagöngunni sem hefst kl. 9.30 með því að börn úr 10.bekk Smáraskóla mæta í Læk og leiða börnin í Fífuna þar sem formleg dagskrá hefst. Við munum syngja og dansa saman ásamt því að Blær mætir á svæðið. Dagskránni lýkur 10.30 og þá er börnunum fylgt til baka af 10. bekk. Kennarar í Læk munu að sjálfsögðu fylgja hópnum. Þinghóll og Litli Lækur verður með sína eigin vináttudagskrá í leikskólanum.

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember. Í tilefni dagsins ætlum við að æfa lagið: *Á íslensku má alltaf finna svar* og einnig ljóðið: *Buxur, vesti, brók og skór*. 16. nóvember er einnig afmælisdagur Lubba og munum við fagna því eins og hverjum öðrum afmælisdegi.

Afmæli barnasáttmálans er 20. nóvember. Í Læk ætlum að vinna með börnunum í Stóra Læk út frá *Frelsi og þátttaka* með umræðum og teikningum. Við hvetjum ykkur til þess að kynna ykkur Barnasáttmálann og taka þátt í afmæli hans. Kópavogsbær mun taka þátt í afmælinu með sýningu í Smáralind og dagskrá fyrir börnin í bænum.

12. nóvember bjóðum við foreldrum og nýjum kennurum í Læk að sitja kvöldfund þar sem við munum kynna vináttuverkefni Barnaheilla og Blæ. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér efnið sem við vinnum með í leikskólanum því það hefur forvarnargildi gegn einelti. Fundurinn verður frá kl. 20-22.

Brunaæfing með börnum verður á næstunni. Æfingin verður ákveðin fyrirfram þannig að foreldrar, börnin og starfsfólkið sé upplýst hvaða dag hún verður þannig að allir séu vel undirbúnir.

Þann 21. nóvember er skipulagsdagur og þá er leikskólinn lokaður.

sjálfræði – virðing - hlýja

